

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 28. sept 2017, kl 20.00. Fundur haldinn á Hótel Reykjanesi við Djúp. Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Sigurður Hreinsson. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 6. september 2017
2. 2. haustþing FV.
3. Fjárhags og starfsáætlun 2018
4. Borgarafundur Vestfirðinga 24. september 2017
5. Fiskeldismál
6. Sóknaráætlun
7. LHSS
8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
9. Önnur mál.
 - a. Ársskýrsla Starfsendurhæfing Vestfjarða
 - b. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 6. okt 2017
Fundargerð var áður send út með tölvupósti en er hér lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Fundargerð samþykkt. Jón Örn Pálsson sat hjá við afgreiðslu fundargerðar þar sem hann sat ekki fundinn.
2. 2. haustþing FV.
Farið yfir undirbúning 2. haustþings FV, sem haldið verður á Hótel Reykjanesi 29. og 30. september.
3. Fjárhags og starfsáætlun fyrir árið 2018.
Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að fjárhagsáætlun 2018 og greinargerð fjárhagsáætlunar.

	Áætlun 2018	Endurskoðuð áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Framlög, styrkir og aðrar tekjur	290.780.000	309.306.360	261.444.128
Laun og launat.gjöld	77.765.000	72.683.000	58.503.251
Sérverkefni og skrifstkostn	213.012.000	235.561.363	196.633.882
Gjöld alls	290.777.000	308.244.363	255.137.133
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir	3.000	1.061.997	6.306.995
Afskriftir	0	0	-140.354
Fjármunatekjur og gjöld	400.000	560.000	1.373.567
Rekstrarafkoma	403.000	1.621.997	7.540.208

Stjórn samþykkir að leggja tillöguna fyrir 2. haustþing FV.

Framkvæmdastjóri lagði fram starfsáætlun FV fyrir árið 2018. Starfsáætlunin byggir á niðurstöðu af fundum stjórnar FV með sveitarfélögum október – janúar s.l. um stefnumörkun FV 2016-2018.

Stjórn samþykkir að leggja tillöguna fyrir 2. haustþing

4. Borgarafundur 24. september
Kynnt samþykkt borgarafundar FV sem haldinn var í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum sunnudaginn 24. september s.l. í Íþróttahúsinu Torfnesi á Ísafirði.

Fundurinn tókst afar vel, en um 600 manns sóttu fundinn auk þess um 500 manns fylgdust með honum í netútsendingu. Dagskrá fundarins var sem hér segir.

Stjórn þakkar starfsmönnum FV, Atvest og sveitarfélaga sem stóðu að undirbúningi fundarins fyrir vel unnin störf.

5. Fiskeldismál
Lögð fram skýrsla KPMG „Laxeldi í Ísafjarðardjúpi – greining á áhrifum þess á efnahag og íbúaupróun“. Skýrslan er unnin fyrir Atvest og FV að beiðni sveitarfélaga við Djúp og voru niðurstöður hennar kynntar á Borgarafundi Vestfirðinga 24. september s.l..

Framkvæmdastjóra falið að kynna efni skýrslunnar fyrir sveitarfélögum, ráðuneytum og stofnunum.

6. Sóknaráætlun.
Lögð fram fundargerð 38. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál frá 21. ágúst s.l.. Rætt um efni máls, formaður gerði tillögu að eftirfarandi bókun.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur mikilvægt að stýrihópurinn hafi sem verkefni að fjalla um aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði, samanber 2. lið, fundargerðar m.a. með vísan til fundar FV með stýrihópnum þann 18. ágúst s.l.. Einnig að stýrihópurinn taki áhrif fjárlagafrumvarps 2018 á byggðaupróun í landinu, samanber 3. lið fundargerðar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur undir þau markmið stýrihópsins að hann verði nýttur sem vettvangur „þegar upp koma svæðisbundin byggðamál þá verði farið með slík mál í gegnum sóknaráætlun landshlutans og stýrihópinn“.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áréttar hinsvegar að í erindi Fjórðungssambands Vestfirðinga til forsætisráðuneytis í febrúar 2016 með beiðni um aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði var vísað til niðurstaðna skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háksóla Íslands, Hagvöxtur landshluta 2009-2013. Í skýrslunni er tekið sérstaklega fram að ástæða sé til að hafa áhyggjur af þróun mála á Vestfjörðum m.t.t. samdrátt í framleiðslu í landshlutanum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur því að það hafi ekki „komið upp“ svæðisbundið byggðamál á Vestfjörðum, heldur hafi hér ákall um að stjórnvöld komi til samstarfs til að brjótast út úr langtíma ástandi. Sóknaráætlun Vestfjarða hafði á þessum tíma um 92 mkr til ráðstöfunar innan ramma fjögurra málasviða, atvinnu og nýsköpun, menningu, menntun og lýðfræðileg þróun. Augljóst má telja að meira afl og samræmdar aðgerðir þurfa til að snúa hagþróun við og því var erindi FV beint til forsætisráðuneytis sem fer með samræmingu málaflokka stjórnráðsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir síðan á að Bygðastofnun og Hagfræðistofnun HÍ hafa gefið að nýju út sambærilega skýrslu sem fjallar um Hagvöxt landshluta 2018-2015. Þrátt fyrir ákveðin batamerki í hagþróun í hluta Vestfjarða þá vegur sá vöxtur ekki nægjanlega til að snúa hagvexti við innan landshlutans. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því hér með til stýrihópsins að taka skýrslur um Hagvöxt landshluta, til umfjöllunar og kalla eftir viðbrögðum og samræmdum aðgerðum stjórnvalda í þeim landshlutum þar sem neikvæður hagvöxtur er viðvarandi vandamál.

Tillagan samþykkt.

7. LHSS.

Kynnt fundarboð vegna haustfundar landshlutasamtaka sveitarfélaga þann 4. október n.k. Breytt tilhögun er á fundinum að nú er öllum aðalmönnum í stjórn landshlutasamtaka boðið að sitja hann. Framkvæmdastjóra falið að kanna vilja stjórnarmanna til að sækja fundinn.

8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Kynnt fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 4. október n.k.

9. Önnur mál.

a. Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

Lögð fram ársskýrsla fyrir árið 2016 og fundargerð aðalfundar Starfsendurhæfingar Vestfjarða frá 7. júní s.l..

b. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.

Kynnt boðun Fjármálaráðstefna sveitarfélaga þann 5. og 6. október n.k.. Formaður og framkvæmdastjóri sækja ráðstefnuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22.30

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri